# Sómastaðir við Reyðarfjörð



*Sómastaðir. GLH 2007.*

Byggingarár:
Hönnuður:
Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá

Sómastaðir er portbyggt steinhlaðið hús með krossreist þak, um 7,6 m að lengd og 4,9 m á breidd. Húsið stendur á steinhlöðnum kjallara og sökkulbrún er neðarlega á vegg. Veggir eru hlaðnir úr lítt tilhöggnu grjóti og þjappað á milli þeirra með jökulleir. Múrað hefur verið í rifur milli steina á stöku stað. Gaflhlöð eru úr smíðuð úr timbri og klædd listaþili og rennisúð er á þaki. Þrír sex rúðu gluggar með miðpóst sitja djúpt í steinveggjum hússins og eru vænir eikarbitar yfir glugghúsum. Einn gluggi er á hvoru gaflhlaði. Að auki eru þrír kjallaragluggar á framhlið. Útidyr eru á vesturstafni hússins og bitar yfir dyraönd.

Inn af dyrum er forstofa með stiga upp í ris og niður í kjallara. Á hæðinni er stofa, klædd sléttum plötum og loft plötuklætt á milli bita. Í risi er framloft við vesturgafl og lítið herbergi klætt strikuðum panelborðum en við austurgafl stórt herbergi klætt spjaldaþili. Kjallari er eitt rými.[i]







*Sómastaðir, grunnmynd og útlit. GLH.*

[i] Guðmundur L. Hafsteinsson. Friðuð hús á Íslandi. Handrit október 2006.